

Fundargerð

Efni fundarins: Símafundur stýrihóps

Dags. fundar: 18-4-2018	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur: 15:00
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 15:30

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
Fjarv.	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Freyr Ævarsson	Fljótisdalshérað
Fjarv.	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál
X	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	RHA
X	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2018

- Dagskrá
 - Dagskráin fundarins er að taka á sig mynd og eru dagskrárdrög birt á vefnum. Upplýsingar um dagskrá verða uppfærðar jafnóðum og þær berast.
- Hópastarf
 - Í hópastarfi verður meginspurningin: Hvernig getur Sjálfbærni-verkefnið nýst Austfirðingum best?
 - „Undirspurningar“ verða mótaðar í samráði við framsögumenn og stjórnanda hópastarfs.
 - Nefnt var hvort nálgast ætti verkefnið út frá mismunandi hópum.
- Skráningarform er tilbúið.
 - Á síðasta fundi var rætt að fólk fengi við skráningu upplýsingar um spurningar sem lagðar verða fyrir í hópastarfi. Opnað verður fyrir skráningu þó spurningar séu ekki tilbúnar, þegar þær liggja fyrir er hægt að senda þær beint til þeirra sem þá hafa skráð sig. Meginspurningin verði sett í staðfestingarpóst.
- Bréfsefni, PowerPoint sniðmát og auglýsingar væntanlegar í vikunni frá hönnuði.
- Auglýst verði í svæðismiðlum og á landsvísu auk þess sem tölvupóstur verður sendur á hagsmunaaðila og fréttatilkynning send á fjölmiðla.

